

FRÁSÖGN

af fundum stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins 30. apríl 2020.

Stjórnarnefnd Evrópuráðsþingsins fundaði með fjarfundarbúnaði. Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins tóku þátt í fundinum Rósa Björk Brynjólfssdóttir formaður og Bylgja Árnadóttir alþjóðaritari. Á dagskrá voru viðbrögð aðildarríkja Evrópuráðsins við heimsfaraldri kórónuveiru og afbrigði við starfsreglur þingsins til að gera Evrópuráðsþinginu kleift að funda með fjarfundarbúnaði.

Stjórnarnefnd samþykkti að halda sérstaka umræðu um áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru með tilliti til mannréttinda, lýðræðis og réttarríkisins. Framsögumaður, Jacques Maire, þingmaður frá Frakklandi, sagði alla geta sammælt um að Evrópuráðsþingið ætti að standa vörð um lýðræðið á þessum erfiðleikatímum. Fjöldmörg aðildarlönd Evrópuráðsins hefðu lýst yfir neyðarástandi og aukið þannig vægi framkvæmdarvaldsins á kostnað dómstóla og þjóðþinga. Þrískipting ríkisvaldsins væri óljósari og aðhald með valdhöfum væri minna. Aðgerðir stjórnvalda í álfunni hefðu takmarkað frelsi almennra borgara, t.d. ferðafrelsi, samkomufrelsi, réttinn til að sækja um hæli og réttindi barna, auk þess sem þær hefðu valdið áhyggjum af öryggi gagna og persónuupplýsinga. Mikilvægast væri að takmarkanir á frelsi almennra borgara væru tímabundnar, nauðsynlegar og löglegar. Aðhald löggjafans með framkvæmdarvaldinu yrði að tryggja. Í umræðum kom fram að heimsfaraldurinn hefði þegar þróast úr heilbrigðisvanda í efnahagskreppu og að það væri stjórnmalamanna að koma í veg fyrir að hann þróaðist í mannréttindavanda.

Rósa Björk Brynjólfssdóttir sagði nauðsynlegt að hafa í huga áhrif aðgerða stjórnvalda á jaðarhópa í samfélaginu. Til að mynda bærust fréttir af vaxandi heimilisofbeldi í tengslum við útgöngubann og samkomubann. Rósa Björk sagði þingmenn gegna mikilvægu hlutverki í baráttunni gegn heimilisofbeldi, m.a. með því að tryggja fjárveitingar til athvarfa og aðgengi að aðstoð í hjálparsíma. Sérstaklega væru aðstæður flóttafólks í móttökulöndum Evrópusambandsins alvarlegar. Heilbrigðisþjónustu hefði hrakað vegna álags á heilbrigðiskerfi Evrópulanda af völdum heimsfaraldursins og smithætta væri mikil í fjölmönnum flóttamannabúðum. Auk þess hefðu mörg ríki norðar í álfunni stöðvað móttöku flóttamanna og þannig lengdist sá tími sem flóttamenn mættu sitja í flóttamannabúðum í suðurhluta álfunnar. Hún tók undir ákall tveggja breskra þingmanna, Dundee lávarðar, sem situr á Evrópuráðsþinginu, og Dubs lávarðar, sem situr á ÖSE-þinginu, um að Evrópulönd tækju þegar til sín fylgdarlaus börn sem byggju við skelfilegar aðstæður í flóttamannabúðum á grísku eyjunum.

Forseti tilkynnti stjórnarnefnd að framkvæmdastjórn þingsins þyrfti lengri tíma til að ræða fyrirkomulag fjarfunda í nefndum þingsins. Því yrði boðað til annars fundar stjórnarnefndar um fjarfundi nefnda. Forseti upplýsti einnig meðlimi stjórnarnefndar um ákvörðun framkvæmdastjórnar um að fresta júnífundum Evrópuráðsþingsins vegna heimsfaraldursins. Áfram væri þó stefnt að því að halda þingfund áður en kæmi að októberfundum þingsins og mundi framkvæmdastjórn taka ákvörðun um dagsetningu funda í lok júní. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu <https://pace.coe.int/en/>.